

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 37. fundur.

að Hlíðavegi 6, 29. 4. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Samvinna Umhverfisstofnunar og Skútustaðahrepps. Davíð Egilsson mætir til fundarins.
3. Fundargerð skólanefndar frá 27. apríl.
4. Bréf KSÍ um sparkvelli.
5. Breyting á aðaskipulagi vegna byggingar fuglasafns.
6. Atvinnumál.
7. Erindi Margrétar Bóasdóttur vegna sumartónleika í Mývatnssveit.
8. Erindi Jóns og Sigfúsar Illugasona. Ósk um að sveitarstjórn mæli með að þeir báðir verði skráðir ábúendur á Bjargi.
9. Erindi Baðfélags Mývatnssveitar um kaup sveitarfélagsins á hlut í Baðfélaginu.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að málum 7 og 8 og 9 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

2. Samvinna Umhverfisstofnunar og Skútustaðahrepps. Davíð Egilsson mætir til fundarins.

Farið var yfir samstarfsverkefni Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar. Meðal þeirra verkefna sem við blasa er gerð verndaráætlana vegna breytinga á lögum um verndun Mývatns og Laxár. Þá var rætt um landvörslu í Mývatnssveit á ársgrundvelli og rekstur gestastofu. Unnið verður að þeim málum á næstu vikum.

3. Fundargerð skólanefndar frá 27. apríl.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar, en þá mun skólastjóri mæta til fundarins.

4. Bréf KSÍ um sparkvelli.

Samþykkt að sækja um að KSÍ sparkvöllur verði gerður á árinu 2005.

5. Breyting á aðaskipulagi vegna byggingar fuglasafns.

Fram er lögð teikning vegna breytingar aðalskipulags á Neslandatanga vegna byggingar fuglasafns. Nr. teikningar er 93.01 útgáfa 01 og er unnin af Tækniþingi.

Sveitarstjóra falið að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar á þeim breytingum sem til eru lagðar.

6. Atvinnumál.

Sveitarstjórn átti fund miðvikudaginn 28. apríl með þingmönnum kjördæmisins á Hótel KEA. Farið var yfir þá stöðu sem við blasir í atvinnumálum hreppsins við lokun Kísiliðjunnar. Sveitarstjórn lagði einkum áherslu á að takast mætti að ljúka fjármögnun Kísilduftverksmiðju. Þá lagði sveitarstjórn fram aðgerðalista þar sem ýmsar hugmyndir eru reifaðar til að bregðast við atvinnuvanda. Undirtektir þingmanna voru ágætar og gagnkvæmur skilningur ríkti á milli aðila. Engar ákvarðanir voru teknar á fundinum, en framhald mun verða á viðræðum aðila á næstu vikum. Sveitarstjóra falið að kalla atvinnumálanefnd hreppsins til fundar.

7. Erindi Margrétar Bóasdóttur vegna sumartónleika í Mývatnssveit.

Sveitarstjóra og oddvita falið að fara nánar yfir málið með Margréti.

8. Erindi Jóns og Sigfúsar Illugasona. Ósk um að sveitarstjórn mæli með að þeir báðir verði skráðir ábúendur á Bjargi.

Sveitarstjóra falið að rita Hagþjónustu landbúnaðarins bréf þess efnis að sveitarstjórn geri ekki athugasemdir við að Jón og Sigfús Illugasynir verði báðir skráðir ábúendur að Bjargi.

9. Erindi Baðfélags Mývatnssveitar um kaup sveitarfélagsins á hlut í Baðfélaginu.

Erindinu frestað. Sveitarstjóra falið að ræða við endurskoðendur hreppsins um málið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.